

Skýrsla stjórnar og flokksráðs

2009 – 2011



Stjórn og varastjórn	4
Flokksráð	4
Starfsfólk.....	5
Skrifstofa VG - húsnæði.....	6
Suðurgata 3 í Reykjavík.....	6
Brekkgata 7A á Akureyri	6
Hamraborg 1-3 í Kópavogi.....	6
Kaupvangur 5 á Egilsstöðum	6
Strandgata 11 í Hafnarfirði	6
Starfshópar innan VG	6
Fulltrúar VG í stjórnnum og nefndum	7
Landsfundur VG 2009.....	7
Fundir og ráðstefnur.....	8
Sveitastjórnarráðstefnur	8
Málefnaþing	8
Málefnaþing um umhverfismál	8
Málefnaþing um utanríkismál	9
Málefnaþing um kvenfrelismál	9
Málefnaþing um félagslegt réttlæti og jafnrétti.....	10
Málefnaþing um atvinnu- og efnahagsmál.....	10
Fjármál og fjáröflun	10
Útgáfumál.....	11
Erlent samstarf	11
Ríkisstjórnarsamstarf.....	11
Samstarf við félög VG	12
Ályktanir flokksráðs	12
Sumarferðir	13
Ung vinstri græn (UVG)	13
Eldri vinstri græn (EVG)	14
Alþingiskosningar 2009	15
Sveitastjórnarkosningar 2010.....	16
Samræmdar forvalsreglur	18
Félagatalið	18
Kosningahandbók	18

Vinstrihreyfingin - grænt framboð hélt sjötta landsfund sinn í á Hótel Nordica í Reykjavík 20.-22. mars 2009. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir helstu þáttum í starfi flokksins frá þeim landsfundi og fram til hausts 2011.

Auður Lilja Erlingsdóttir og Drífa Snædal tóku skýrsluna saman

Stjórn og varastjórn

Á landsfundinum í Reykjavík 2009 voru þessi kjörin í stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs:

Formaður	Steingrímur J. Sigfússon
Varaformaður	Katrín Jakobsdóttir
Ritari	Sóley Tómasdóttir
Gjaldkeri	Hildur Traustadóttir
Aðalmenn:	Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir Svandís Svavarsdóttir Auður Lilja Erlingsdóttir Hlynur Hallsson Þórarinn Magnússon Margrét Pétursdóttir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Varamenn í stjórn:	Guðmundur Magnússon Sædís Ósk Harðardóttir Þorleifur Gunnlaugsson Þorgrímur Einar Guðbjartsson

Á tímabilinu voru haldnir 28 stjórnarfundir og einn sameiginlegur fundur stjórnar VG og þingflokks.

Þær breytingar urðu á stjórninni á kjörtímabilinu að þegar Auður Lilja tók við starfi framkvæmdastýru VG 1. júlí 2010, sagði hún sig úr stjórninni og Guðmundur Magnússon tók við sem aðalmaður. Þá varð einnig sú breyting að Sædís Ósk Harðardóttir sagði af sér sem varamaður í stjórn 27. ágúst 2010.

Í ágúst 2009 var ákveðið eftir erindi frá Héðni Björnssyni að birta allar fundargerðir stjórnar á vef Vinstri grænna jafn óðum.

Flokksráð

Flokksráð skipa stjórn flokksins, aðal- og varamenn, formenn svæðisfélaga, formenn kjördæmisráða, þingmenn og varapingmenn flokksins, formaður UVG og 30 kjörnir á landsfundi. Fulltrúar í flokksráði kjörnir á landsfundi eru:

Kristín Halldórsdóttir	Katla Kjartansdóttir	Þorsteinn Ólafsson
Einar Ólafsson	Guðrún Jónsdóttir	Ólafur Þ. Jónsson
Grímur Atlason	Karólína Einarsdóttir	Alma Lía Jóhannsdóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir	Kristján Eldjárn Hjartarson	Ingólfur Ásgeir Jóhannesson
Kristín Sigfúsdóttir	Silja Bára Ómarsdóttir	Kári Gautason
Ragnar Stefánsson	Stefanía Traustadóttir	Ása Björk Ólafsdóttir
Þorsteinn Bergsson	Brynja B. Halldórsdóttir	Ólafía Jakobsdóttir
Ingunn Snædal	Jan Eric Jessen	Elín Sigurðardóttir
Ásbjörn Björgvinsson	Sigprúður Jónsdóttir	Karl Steinar Óskarsson
Dýrleif Skjöldal	Ingibjörg Hjartardóttir	Davíð Stefánsson

Á tímabilinu voru haldnir sjö flokksráðsfundir: 10. maí 2009, 28. ágúst 2009, 15. janúar 2010, 25. júní 2010, 19. nóvember 2010, 20. maí 2011 og 26. ágúst 2011.

Þær breytingar urðu á skipan flokksráðs að Karl Steinar Óskarsson sagði sig úr flokksráði í maí 2009. Grímur Atlason sagði sig úr flokksráði í maí 2010 og Stefanía Traustadóttir sagði sig úr flokksráði í september 2010. Það gerði jafnframt Karólína Einarsdóttir í janúar 2011.

Eftir umræður á flokksráðsfundi um ræðutíma og umgjörð funda var óskað eftir því að stjórn setti reglur um flokksráðsfundi. Þær reglur voru kynntar og samþykktar af stjórn í september 2009. Þar kemur fram að skila þarf ályktunum í síðasta lagi tveimur dögum fyrir upphaf flokksráðsfundar, ræðutími er takmarkaður við 4 mínútur og 2 mínútur ef tekið er oftari til máls.

Starfsfólk

Drífa Snædal gegndi starfi framkvæmdastýru til 1. júlí 2010 þegar Auður Lilja Erlingsdóttir tók við starfinu.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir var framkvæmdastýra þingflokksins fram að kosningum 2009 þegar hún var kjörin á þing en þann 1. nóvember 2009 tók Bergur Sigurðsson við því starfi. Í millibilsástandinu sinnti Drífa Snædal framkvæmdastjórn þingflokksins.

Valdimar Pétursson sá, líkt og áður, um að færa bókhaldið.

Í kosningabaráttunni fyrir alþingiskosningarnar 2009 var bætt við starfsfólki til að sinna ýmsum störfum:

Þórunn Ólafsdóttir var ráðin starfskona og kosningastjóri UVG

Finnur Ulf Dellsén var ráðinn kosningastjóri

Gunnar Örn Heimisson var ráðin starfsmaður

Lísa Kristjánsdóttir var ráðin auglýsingastýra

Birna Þórðardóttir var ráðin til að sjá um kosningahappdrætti VG

Í febrúar 2010 var Ása Björk Ólafsdóttir ráðin í hálfstarf til að sinna skrifstofunni en hún hvarf til annarra starfa í júlí 2010.

Í kosningabaráttunni fyrir sveitastjórnarkosningarnar 2010 var Snærós Sindradóttir ráðin í tvær vikur til að sinna kosningabaráttu ungliða og vefmálum.

Guðrún Axfjörð Elínardóttir sinnti ýmiskonar íhlaupavinnu á skrifstofu flokksins í tvær vikur í október 2010.

Sumarið 2011 sneri Drífa Snædal aftur til vinnu tímabundið og sá um að ganga frá bókhaldi og ársreikningum.

Í lok ágúst 2011 voru Steinunn Rögnvaldsdóttir og Auður Alfífa Ketilsdóttir ráðnar til að aðstoða við undirbúning landsfundar. Voru þær báðar í hálfu starfi.

Skrifstofa VG - húsnæði

Suðurgata 3 í Reykjavík

Vinstrihreyfingin - grænt framboð festi kaup á Suðurgötu 3 í febrúar árið 2004 og hefur flokksskrifstofan verið starfrækt þar síðan. Eftir miklar endurbætur á húsnæðinu stendur það vel undir því hlutverki að vera aðsetur flokksskrifstofu, ritstjórnarskrifstofa Smugunnar, aðsetur Ungra Vinstri Grænna og vettvangur fyrir smærri fundi flokksins.

Opnunartímar hafa verið stopulir og aðallega miðast við fundi en að sjálfsögðu er þó alltaf hægt að ná í framkvæmdarstýru flokksins í gegnum netfangið vg@vg.is eða aðra starfsmenn í skrifstofusíma 552-8872.

Brekkugata 7A á Akureyri

Húsnæðið við Hafnarstræti 98 á Akureyri var selt í apríl 2008 enda var þá búið að taka ákvörðun um að friða húsið og fara í gagngerar endurbætur á því sem flokkurinn taldi sig ekki hafa bolmagn til að standa í. Í lok september 2009 var hins vegar ákveðið að kaupa húsnæði að Brekkugötu 7A og nýttist það ákaflega vel til smærri funda sem og skrifstofa fyrir kosningar. Flokkurinn stóð straum af kaupunum og greiðir af lánum þeim tengdum en Akureyrarfélagið sér um rekstur húsnæðisins.

Hamraborg 1-3 í Kópavogi

Í lok árs 2007 var gengið frá kaupum á Hamraborg 1-3 í Kópavogi, oft nefnt Kragakaffi. Flokkurinn á 90% hlut í húsnæðinu en einstakir félagar og VG í Kópavogi eiga 10% hlut. Sama fyrirkomulag er á rekstri og hjá Akureyrarfélaginu, þ.e. svæðisfélagið sér alfarið um rekstur eignarinnar.

Kaupvangur 5 á Egilsstöðum

Vinstrihreyfingin – grænt framboð á Egilsstöðum hafa á leigu húsnæði að Kaupvangi 5 undir starfsemi sína og hefur flokkurinn stutt félagið til að koma upp aðstöðu.

Strandgata 11 í Hafnarfirði

Vinstrihreyfingin – grænt framboð í Hafnarfirði tók Strandgötu 11 á leigu undir starfsemi sína í lok árs 2009 og var samþykkt á stjórnarfundum VG að styrkja félagið um 45.000 krónur á mánuði til að standa undir leigu.

Starfshópar innan VG

Fjöldmargir starfshópar hafa starfað í lengri eða skemmri tíma á vegum Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á kjörtímabilinu. Ýmist hafa þessir hópar verið skipaðir af landsfundi og stjórn eða um hefur verið að ræða sjálfsprottna hópa sem hafa valið sér umfjöllunarefni af einhverju tagi.

Í tengslum við hrúnið og eftirleik þess voru starfandi fjöldmargir hópar um efnahagsmál, sósíalisma og innra starf flokksins. Hópar voru stofnaðir um vinnulag innan hreyfingarinnar sem og skipulag hennar. Sérstakur starfshópur hefur einnig verið starfandi um málefni innanríkisráðuneytisins. Þá hafa verið starfandi hópar í aðdraganda málefnaþinga um utanríkismál, félagslegt réttlæti, kvenfrelismál, umhverfismál og atvinnu- og efnahagsmál svo eitthvað sé nefnt. Í framhaldi af málefnaþingunum var einnig stofnaður hópur um Græna framtíð og hópur um málefni Norðurslóða.

Reynslan sýnir að sjálfsprottir hópar eru virkari en þeir sem ákveðið er að stofna með handafla og er hvatt til þess að sem flestir slíkir séu starfandi á hverjum tíma undir hatti Vinstri grænna.

Í aðdraganda landsfundar 2011 var skipað í ályktanahóp og lagabreytingarnefnd. Í lagabreytingarnefnd sátu Sóley Tómasdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Sigurður Magnússon og Helgi Jóhannesson. Í ályktanahóp sátu Katrín Jakobsdóttir, Björn Valur Gíslason og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir.

Fulltrúar skipaðir af stjórn VG í stjórnnum og nefndum

Andrés Ingi Jónsson tók við stöðu Silju Báru Ómarsdóttur sem fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Kvenréttindafélags Íslands.

Óskað var eftir þátttöku VG í verkefni samgönguráðherra um að efla hlut kvenna í sveitarstjórnnum og var samþykkt í stjórn VG í desember 2009 að Jan Eric Jessen og Sóley Tómasdóttir myndu vera Kristjáni Möller þáverandi samgönguráðherra innan handar í verkefninu.

Drífa Snædal var fulltrúi VG í samráði stjórnmalaflokkanna um takmörkun auglýsingakostnaðar í aðdraganda kosninganna 2009 og 2010. Samkomulag var undirritað fyrir báðar kosningarnar og hafði áhrif til takmörkunar.

Landsfundur VG 2009

Landsfundur VG árið 2009 var haldinn á Hótel Nordica í Reykjavík dagana 20.-22. mars. Ákveðið var að halda landsfundinn í upphafi árs vegna fyrirhugaðra alþingiskosninga.

Þetta var sjötti reglulegi landsfundur flokksins sem var stofnaður 6. febrúar 1999 en samkvæmt lögum skal halda landsfund annað hvert ár. Landsfundurinn bar vitaskuld sterk merki þess að alþingiskosningar voru í nánd og framboð að mótast og verða til. Landsfundurinn var sá stærsti hingað til og voru fulltrúar með atkvæðisrétt 612 talsins en varafulltrúar skv. kjörbréfum 181. Landsfundafulltrúar voru úr 32 svæðisfélögum flokksins og hafa þau aldrei verið fleiri.

Ákveðið var að brjóta upp hina hefðbundnu setningu landsfundar og var byrjað á reglubundnum störfum fundarins og um kvöldið var haldin glæsileg opunarhátíð þar sem Halla Gunnarsdóttir hélt ræðu, Karla Dögg Karlsdóttir framdi gjörning og barnakór Kársnessskóla flutti lög. Í lok opunarhátíðarinnar flutti Steingrímur J. Sigfússon setningarræðuna.

Auk hefðbundinna landsfundarstarfa voru áherslur VG fyrir alþingiskosningarnar samþykktar og var ákveðið að bjóða fram undir yfirskriftinni VEGUR TIL FRAMTÍÐAR. Fjölmargin hópar voru starfandi á landsfundinum og fjölluðu þeir um: Atvinnumál, efnahagsmál, velferðamál, framtíðarsýn - menntun og nýsköpun, stjórnmalaaályktun og kosningaáherslur, sérmál og önnur mál, lýðræðismál, og utanríkismál.

Um ályktanir landsfundar má lesa í Viðauka I: Landsfundarályktanir sem nálgast má á heimasíðu Vinstri grænna (www.vg.is).

Fundir og ráðstefnur

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið talin hafa stjórn flokksins og þingmenn hans haldið fjölda funda í öllum kjördæmum, heimsótt vinnustaði og stofnanir og mætt á ráðstefnur og fundi víðsvegar um land þar sem mikilvægt hefur verið að koma sjónarmiðum VG á framfæri.

Í byrjun árs 2011 var farið víða um land undir yfirskriftinni 2011, ár uppbyggingar! Haldnir voru 18 félagsfundir þar um flokksstarfið og stöðu VG, málefnavinnu, undirbúning landsfundar og fleira, en í kjölfarið voru almennir stjórnarálfundir. Eftir því sem tími leyfði voru sveitastjórnir, vinnustaðir, stofnanir og félagasamtök viðkomandi byggðarlaga heimsótt.

Sveitastjórnarráðstefnur

Þá hefur sveitastjórnarráð Vinstri grænna verið virkt en fram að sveitastjórnarkosningum 2010 var stjórn þess var skipuð svo: Þorleifur Gunnlaugsson formaður, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir varaformaður, Kristín Sigfúsdóttir, Finnbogi Rögnvaldsson og Gísli Árnason.

Boðað var til þriggja sveitastjórnarráðstefna í aðdraganda kosninganna 2010: Á Akranesi 16. – 17. október 2009, í Mosfellsbæ 12.-13. febrúar 2010 auk þess sem flokkurinn blés til frambjóðendanámskeiðs ásamt sveitastjórnarráðstefnu í Grindavík dagana 10.-11. apríl 2010.

Haldin var sveitarstjórnarráðstefna á Akureyri 1.-2. október 2010 á Akureyri. Þar var kosin ný stjórn sveitastjórnarráðs. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir var kjörin formaður, Þorleifur Gunnlaugsson varaformaður og Jórunn Einarsdóttir meðstjórnandi. Til vara voru kjörin Cecil Haraldsson og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir.

Málefnaþing

Á flokksráðsfundi 25.-26. júní 2010 var ákveðið að vísa tillögu um málsmeðferð um ESB til málefnaþings sem haldið yrði á haustmánuðum. Í stað þess að hafa eitt málefnaþing þar sem öll mál væru undir ákvað stjórn VG að hreyfingin stæði fyrir fjórum málefnaþingum sem hvert um sig yrði helgað einni af grunnstoðum flokksins. Á seinni stigum var ákveðið að bæta fimmta málefnaþinginu við.

Málefnaþing um umhverfismál

Þingið var haldið 9. október 2010 í húsnæði Menntaskólans í Borgarnesi. Þar fluttu Katrín Jakobsdóttir og Svandís Svavarsdóttir erindi. Að loknum erindum sátu fundargestir fjórar smiðjur sem hver um sig var leidd af tveimur hópstjórum;

- Skipulags- og samgöngumál: Árni Þór Sigurðsson og Guðrún Ágústsdóttir.
- Náttúruverndarmál: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Björg Eva Erlendsdóttir.
- Auðlindamál (þ.m.t. orkuauðlindir og sjávarútvegsauðlindin): Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir og Bergur Sigurðsson.
- Hnatræn umhverfismál: Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Katrín Jakobsdóttir.

Málefnaþing um utanríkismál

Þingið var haldið helgina 22.-23. október 2010 í Hagaskóla. Sóley Tómasdóttir, ritari VG, flutti setningarræðu þingsins. Að loknu upphafsávarpi voru haldin eftirfarandi erindi:

- Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, ræddi um breytta stöðu í utanríkismálum og nýtt öryggishugtak.
- Þorsteinn Gunnarsson, varaformaður samninganefndar Íslands við ESB, og Erna Bjarnadóttir, fulltrúi í samningahóp um landbúnaðarmál, kynntu og ræddu aðildarumsókn Íslands að ESB.
- Brynja B. Halldórsdóttir, formaður Ísafoldar, ræddi um ungt fólk og ESB.
- Ragnar Arnalds, fyrrverandi ráðherra, fjallaði um um umsóknarferlið og baráttuna framundan út frá lýðræði, gagnsæi og heiðarleika.

Að loknum erindum tók við hópastarf. Fimm hópar voru starfandi og gafst fundargestum kostur á að taka þátt í þeim öllum. Hóparnir voru leiddir af tveimur hópstjórum hver um sig:

- Hvernig nær VG best markmiðum sínum í utanríkismálum? Auður Lilja Erlingsdóttir og Jan Eric Jessen
- Hver er áhrifaríkasti farvegur Nei-hreyfingarinnar? Sóley Tómas-dóttir og Bjarni Jónsson
- Hvert er mat VG á stöðu umsóknar? Hvaða leiðir eru í boði? Árni Þór Sigurðsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson
- Hvernig samrýmist umsóknarferli stefnu VG? Bjarni Harðarson og Arndís Soffía Sigurðardóttir
- Hvernig á að tryggja að þjóðin leiði ESB-málið til lykta á gagnsæjan og lýðræðislegan hátt? Snærós Sindradóttir og Ásmundur Einar Daðason

Á seinni degi málþingsins fóru fram líflegar umræður í tengslum við pallborð þar sem Anna Ólafsdóttir Björnsson, Álfheiður Ingadóttir, Bjarni Harðarson og Steingrímur J. Sigfússon héldu stutt erindi og sátu fyrir svörum.

Málefnaþing um kvenfrelismál

Þingið var haldið 26. febrúar 2011 að Vesturgötu 7. Þar fór Katrín Jakobsdóttir yfir stefnu VG í kvenfrelismálum en Steingrímur J. Sigfússon yfir hverju væri búið að hrinda í framkvæmd í gegnum aðild okkar að ríkisstjórn. Gyða Margrét Pétursdóttir flutti að því loknu erindi þar sem hún fór yfir málaflokkinn og hvatti fólk áfram til góðra verka.

Að loknum erindum tók við hópastarf. Þrjú hópar voru starfandi og gafst fundargestum kostur á að taka þátt í þeim öllum og koma þannig sjónarmiðum sínum að í sem flestum málum. Hóparnir voru leiddir af tveimur hópstjórum hver um sig:

- Foreldrahlutverkið frá kynjuðu sjónarhorni: Hópstjórar: Andrés Ingi Jónsson og Álfheiður Ingadóttir
- Kyn og kerfið / Kynjað almannarými: Hópstjórar: Björn Valur Gíslason og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
- Hnatrænn feminismi: Hópstjórar: Sóley Tómasdóttir og Kolbeinn Stefánsson.

Málefnaþing um félagslegt réttlæti og jafnrétti

Þingið var haldið 30. apríl 2011 í Gerðubergi. Þar voru flutt fimm erindi:

- Frá stefnu til framkvæmdar: Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, fór yfir aðgerðir ríkisstjórnarinnar.
- Félagslegt húsnæðiskerfi: Fulltrúi úr hóp VG um félagslegt húsnæðiskerfi kynnti starf hópsins.
- Skattar sem tekjujöfnunartæki: Arnaldur Sölvi Kristjánsson, hagfræðingur, flutti erindi.
- Byggðastefna og byggðasjónarmið: Arndís Soffía Sigurðardóttir, stjórnarmaður í Byggðastofnun, hélt erindi.
- Fátækt: Þorleifur Gunnlaugsson, varaborgarfulltrúi, flutti erindi.

Að loknum erindum tók við hópastarf. Þrír hópar voru starfandi og gafst fundargestum kostur á að taka þátt í þeim öllum og koma þannig sjónarmiðum sínum að í sem flestum málum. Hóparnir voru leiddir af tveimur hópstjórum hver um sig:

- Velferðar og byggðamál: Katrín Jakobsdóttir og Bergur Sigurðsson.
- Félagslegt húsnæðiskerfi: Elín Sigurðardóttir og Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.
- Mannréttindi, kjör og félagslegt réttlæti: Þorleifur Gunnlaugsson og Guðrún Axfjörð Elínardóttir.

Málefnaþing um atvinnu- og efnahagsmál

Þingið var haldið 21. maí 2011 á Grand Hótel. Björn Halldórsson flutti opunarinnlegg þar sem hann velti upp ýmsum spurningum. Að því loknu voru haldin fjögur erindi:

- Huginn Freyr Þorsteinsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, ræddi aðgerðir ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og efnahagsmálum.
- Arndís Soffía Sigurðardóttir, ferðaþjónustubóndi og varapíngkona, ræddi málefni ferðaþjónustunnar.
- Elías Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, kynnti skýrslu um hagræn áhrif skapandi greina.
- Lilja Rafney Magnúsdóttir kynnti fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Að loknum erindum átti að taka við hópastarf í fjórum smiðjum en vegna fámennis voru allir hóparnir sameinaðir í einn þar sem öll mál lágu undir.

Fjármál og fjáröflun

Rekstrarfé flokksins og þingflokksins byggist fyrst og fremst á því framlagi sem merkt er stjórn mála- flokkunum á fjárlögum. Flokkurinn rekur einnig styrktar-mannakerfi sem sannarlega munar um og er brýnt að efla. Framlög sem þangað berast voru í fyrstu ekki notuð til rekstrar heldur lögðu þau grunn að þeim sjóði sem sótt var í til að fjármagna baráttu vegna sveitarstjórnarkosninga og alþingis- kosninga. Eftir tíðar kosningar þarf að byggja þann sjóð upp á nýjan leik. Auk opinberra framlaga og frá félagsmönnum, berst flokku alltaf einhver framlög frá fyrirtækjum en eftir lagasetningu um fjármál stjórn mála- flokka er það umhverfi gjörbreytt. Það er því ljóst að aðhald í auglýsingum hér eftir sem hingað til er brýnt, svo og að efla styrktarmannakerfið. Þá var ekki sótt eftir styrkjum til fyrir- tækja árið 2009 og í mjög litum mæli árið 2010 og 2011.

Sem fyrr birta þingmenn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs yfirlit yfir tekjur sínar, eignir og hagsmunatengsl á heimasíðu flokksins. Svo hafa einnig nokkrir bæjarfulltrúar gert.

Útgáfumál

Fyrir kosningarnar 2009 voru gefin út tvö rit, atvinnustefna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og sjávarútvegsritið „Hafið bláa hafið“. Að öðru leyti var ákveðið að leggja fé frekar í að halda úti Smugunni enda rættist þar með draumur margra um miðil sem væri ekki handbendi fjármálaaflanna í samfélaginu og gæti veitt aðra sýn á atburði líðandi stundar en prentmiðlarnir.

Erlent samstarf

Danmörk tók við formennskunni í NGLA (Nordic Green Left Alliance) af Íslandi í febrúar 2009. Samstarfið byggist að stórum hluta til að fundum tvisvar á ári þar sem framkvæmdastýra flokksins hittir kollegana á Norðurlöndum, skipst er á reynslu og þekkingu miðlað milli landa bæði hvað varðar stjórnsmál almennt og rekstur flokka. Einu sinni á ári hittast formenn systurflokka VG á Norðurlöndum ásamt framkvæmdastjórum/-stýrum. Í NGLA samstarfinu taka þátt:

Socialistisk Folkeparti í Danmörku (SF)

Sosialistisk Venstreparti í Noregi (SV)

Vänsterpartiet í Svíþjóð

Vasemmistoliitto í Finnlandi

Tjóðveldisflokkurinn á Færeyjum

Inuit Ataqatigiit á Grænlandi

Sumarið 2009 lét Mads Nikolajsen, ritari norræna samstarfsins, af störfum og við hans starfi tók Björg Eva Erlendsdóttir. Hún hefur aðsetur á þingskrifstofum Vinstri grænna á Íslandi og hefur skipulag samstarfsins því heldur betur fært sig nær Íslandi. Björg Eva er í 75% starfi hjá Vinstri flokkahópnum í Norðurlandaráði og í 25% starfi við að skipuleggja samstarf flokkanna innan NGLA.

Haustfundurinn árið 2009 var haldinn í Kaupmannahöfn og formannafundurinn einnig árið 2010. Á báðum þessum fundum var Ísland aðal umræðuefnið, bæði af því við vorum tiltölulega nýkomin í ríkisstjórn og vegna þeirrar staðreyndar að ICESAVE-deilan hefur verið til umræðu í öllum þessum löndum. Þá höfum við átt vísan stuðning flestra þessara flokka í ósk okkar um að fá lán frá nágrennaþjóðum okkar án þess að þau séu bundin skilyrðum frá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum.

Í janúar 2011 hittust formenn ásamt framkvæmdastjórum í Færeyjum og í júní sama ár hittist hópurinn aftur á Grænlandi á landsfundi Inuit Ataqatigiit. Á báðum þessum fundum var meginumræðuefnið málefni norðurslóða.

Ríkisstjórnarsamstarf

Samþykkt var á flokksráðsfundi VG 10. maí 2009 að halda áfram ríkisstjórnarsamstarfi við Samfylkinguna enda náðu flokkarnir saman meirhluta í alþingiskosningunum eins og stefnt var að. Lagt var í mikla vinnu við stjórnarsáttmálann og hann ræddur á flokksráðsfundi. Flokksráðsfundur samþykkti að mynduð yrði ríkisstjórn VG og Samfylkingar á grundvelli fyrirliggjandi samstarfsyfirlýsingar.

Eftir kosningarnar var skipað á ný í ráðuneytin og var svo skipað af hendi VG:

Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra
Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra
Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra
Jón Bjarnason, landsbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra
Ögmundur Jónasson, heilbrigðisráðherra.

Vegna deilna um Icesave samninginn sagði Ögmundur Jónasson sig úr ríkisstjórninni 30. september 2009. Álfheiður Ingadóttir tók sæti hans í heilbrigðisráðuneytinu þann 1. október 2009. Á ríkisráðsfundi 2. september 2010 var stokkað upp í ríkisstjórninni. Álfheiður Ingadóttir hvarf úr ríkisstjórn en Ögmundur Jónasson tók við sem dóms- og mannréttindamálaráðherra en jafnframt sem ráðherra samgöngu- og sveitastjórnarmála. Áramótin 2010/2011 sameinuðust þessi ráðuneyti í eitt og Ögmundur Jónasson hefur starfað síðan sem innanríkisráðherra.

Samstarf við félög VG

Svæðisfélögin eru nú orðin 33 talsins. Þau hafa hvert um sig leitast við að halda uppi flokksstarfi á sínu svæði með ýmsum hætti. Þau hafa haldið fundi, ályktað um brýn málefni samtímans og gefið út blöð, ýmist ein og sér eða í samstarfi félaga. Þá hafa svæðisfélögin lagt þingflokknum lið við skipulagningu heimsóknna og vinnustaðafunda víðsvegar um landið.

Svæðisfélögin eru: Akranes, Akureyri, Austfirðir, Álftanes, Árborg, Blönduós, Borgarbyggð, Dalir og Reykhólasveit, Dalvík, Fjallabyggð, Garðabær, Grindavík, Grundarfjörður, Hafnarfjörður, Hérað, Borgarfjörður eystri og Seyðisfjörður, Hveragerði og Ölfus, Höfn, Kaupmannahöfn og Suður-Svíþjóð, Kópavogur, Mosfellsbær, N-þing, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla, Reykjavík, Seltjarnarnes, Skagafjörður, Strandir, Suðurnes, Uppsveitir Árnessýslu og Flói, Vestfirðir, Vestmannaeyjar, Vesturland, Vopnafjörður og Þingeyjarsýslur

Ályktanir flokksráðs

Flokksráð Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fer með æðsta vald í málefnum VG milli landsfunda og ber að koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Í ráðinu sitja stjórn flokksins, aðal- og varamenn, formenn svæðisfélaga, formenn kjördæmisráða, þingmenn og varþingmenn flokksins, formaður UVG og 30 félagar kjörnir á landsfundi. Haldnir voru sjö fundir í flokksráði á því tímabili sem nú er að ljúka.

Á fyrsta flokksráðsfundi Vinstri grænna eftir landsfund og kosningar var aðeins eitt mál á dagskrá – þátttaka VG í ríkisstjórn. Þá var samþykkt svohljóðandi ályktun:

Ályktun flokksráðs VG um ríkisstjórnarsamstarf 10. 5. 2009

Flokksráð VG mælir með því að mynduð verði ríkisstjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar á grundvelli þeirrar samstarfsyfirlýsingar sem fyrir liggur. Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs beinir þeim tilmælum til formanns flokksins að tryggja jöfn kynjahlutföll í nýrri ríkisstjórn.

Ályktanir flokksráðs frá öðrum fundum má finna í Viðauka 2: Ályktanir flokksráðs, en hann má finna á heimasíðu Vinstri grænna (www.vg.is).

Sumarferðir

Á hverju ári er farið í sumarferð á vegum VG, oft í tengslum við flokksráðsfundi. Sú var raunin árin 2009 og 2010, en fyrra árið var haldið í Þórsmörk eftir flokksráðsfund á Hvolsvelli 30. ágúst og tókst sú ferð afskaplega vel í alla staði. Tjaldað var í Húsadal og félagar kunnugir svæðinu skiptust á að fræða og fræðast. Trompet, gítar og sönghefti voru með í för og um kvöldið sáu ungliðar um að grilla dýrindis mat ofan í fólkið.

Ári síðar var tekin sú ákvörðun að fara á Suðurlandið aftur vegna dræmrar aðsóknar ferðamanna á staði sem höfðu þurft að þola öskufall. Eftir flokksráðsfund í Reykjavík 26. júlí 2010 var því haldið í Fljótshlíðina og notið gestrisni Arndísar Soffíu ferðapjónustubónda og varaþingmanns VG í Smáratúni. Samið var við Ágúst, bónda í Vestra Fíflholti um að selja okkur kjöt beint af býli en líkt og áður bauð flokkurinn félögum upp á grill í sumarferðinni. Búið var að uppfæra sönghefti VG og var það sungið spjaldanna á milli. Ekki hafði fallið aska á þessu svæði í þrjá mánuði eða þangað til í sumarferðinni en kom það ekki að sök vegna hinnar góðu aðstöðu í Smáratúni.

Í lok ágúst sumarið 2011 var haldið í sumarferð eftir flokksráðsfund. Að þessu sinni var haldið á slóðir Keflavíkurganga og um Reykjanes undir leiðsögn félaga Stefáns Pálssonar og Bergs Sigurðssonar. Í ferðinni voru ýmis háhitasvæði litin augum sem orkufyrirtækin hafa horft til á Reykjanesskaganum þrátt fyrir mikið verðmæti út frá sjónarhóli náttúruverndar. Farið var um Ósbotna og út í byggðir Rosmhvalaness og slegið upp grillveislu í Garðinum.

Ung vinstri græn (UVG)

Haustið 2001 var hreyfingin Ung vinstri græn stofnuð. Í hreyfingunni eru félagar í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði sem eru 30 ára og yngri. Tilgangur hennar er fyrst og fremst að veita ungu fólki umræðugrundvöll um pólitísk málefni, að standa vörð um hagsmuni ungs fólks innan Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs og að veita ráðandi öflum í samfélaginu öflugt aðhald.

Haustið 2009 tók ný stjórn við á landsfundi á Hvolsvelli, en stjórnin var þannig skipuð; Jan Eric Jessen formaður, Guðrún Axfjörð Elínardóttir varaformaður, Þórunn Rögnvaldsdóttir gjaldkeri og Tómas Gabríel Benjamin ritari. Meðstjórnendur voru kjörin Andrés Ingi Jónsson, Bjarni Þóroddsson, Elín Sigurðardóttir, Kolbrún Ýrr Rolandsdóttir og Þórir Ingvarsson. Varamenn voru kjörin Daníel Haukur Arnarsson, Katrín Pálmadóttir og Rúna Vala Þorgrímsdóttir.

Á starfsárinu voru þrjú svæðisfélög UVG starfrækt. Þ.e. Ung vinstri græn á höfuðborgarsvæðinu, Ung vinstri græn á Akureyri og Ung vinstri græn í Borgarbyggð. Landsstjórnin var í góðu sambandi við stjórnir þessara félaga varðandi opna fundi í þeirra heimabyggð o.fl.

Þetta var fyrsta starfsár UVG eftir að móðurflokkurinn komst í ríkisstjórn og veitti hreyfingin ríkisstjórninni gott aðhald. Einnig voru sveitarstjórnarkosningar á árinu en UVG og UVG á höfuðborgarsvæðinu starfræktu sameiginlega kosningamiðstöð á Suðurgötu 3. Auk þess sóttu félagar UVG ýmis sveitarfélög heim í aðdraganda kosninganna.

Vorið 2010 kom út Íllgresi, málagn UVG, en þetta var í fyrsta skipti sem kona situr í sæti ritstjóra en það var Þórunn Ólafsdóttir.

Alþjóðasamstarf sat nokkuð á hakanum þetta árið, en þó fór fulltrúi UVG í sumarbúðir Socialistisk Ungdom auk þess sem fulltrúi UVG sat Norðurlandaráðsþingið í Reykjavík.

Í byrjun október 2010 var landsfundur haldinn í Reykjavík. Jan Eric Jessen gaf ekki kost á sér sem formaður aftur, en Guðrún Axfjörð Elínardóttir var kjörin formaður. Aðrir í stjórn voru; Snærós Sindradóttir varaformaður, Þórir Ingvarsson gjaldkeri og Björn Reynir Halldórsson ritari. Meðstjórnendur voru kjörin Ágúst Ísfeld Sæmundsson, Daníel Haukur Arnarson, Karólína Einarsdóttir, Tinna Ingólfssdóttir og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir. Til vara voru kjörin Björk Emilsdóttir, Bjarki Þórðarson og Helgi Hrafn Ólafsson. Um mitt sumar sagði Guðrún Axfjörð af sér sem formaður og tók Snærós Sindradóttir við stjórnartaumunum og stýrði starfinu fram að landsfundi 30. september.

Um haustið varð UVG tíu ára og var haldið upp á afmælið með pompi og prakt í Friðarhúsinu. Þangað komu fyrrum formenn hreyfingarinnar og aðrir velunnarar og áttu saman góða kvöldstund. Að öðru leiti var starfið vægast sagt rólegt þetta starfsár og voru sárafáar ályktanir gefnar út.

Framundan er öflugt uppbyggingarstarf UVG. Hreyfingin stefnir á að vera með öflugt starf í vetur, opna fundi og uppákomur auk þess að vera sú gagnrýnisródd sem henni er ætlað að vera í samfélaginu. Í dag er mikilvægt að móðurflokkurinn haldi haus, mikið hefur áunnist á síðustu mánuðum, en vinnunni er langt í frá lokið. Það er hlutverk UVG að styðja við það góða starf sem og að veita sjálf-sagt aðhald.

Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir, formaður UVG

Eldri vinstri græn (EVG)

Eldri vinstri græn (EVG) hafa haldið hópinn frá því í desember 2005 og hist eitt kvöld í mánuði yfir vetrartímann. Fundirnir hafa frá upphafi verið í Stangarhyl 4, húsi eldri borgara í Reykjavík. Lagt var upp með það einkum í huga að skapa vettvang fyrir eldri félagi í VG á suðvesturhorni landsins og gesti þeirra. Fundirnir hafa hinsvegar alltaf verið opnir öllum sem finnst þeir eiga samleið með þessum hópi án tillits til aldurs eða stjórnmalaskoðana. EVG er óformlegur félagsskapur og engar skráðar reglur til um starfsemi hans. Sjálfboðaliðar (6–7 manns) hafa frá upphafi undirbúið fundina og lögð hefur verið áhersla á að þar finndu allir eitthvað við sitt hæfi til fróðleiks og skemmtunar. Fundirnir hafa verið boðaðir bréflaga því margir í þessum aldurshópi nota ekki tölvur. Skrifstofa VG hefur borið kostnað af útsendingu fundarboða og auglýst fundina á heimasíðu VG. Frjálst framlag í „kaffisjóð“ hefur staðið undir húsaleigu og öðrum útlögðum kostnaði. Þeir fjölmörgu sem tekið hafa þátt í dagskrá fundanna hafa yfirleitt gert það fyrir ánægjuna eina saman. Tilhögun fundanna hefur smám saman þróast yfir í það að ákveðið efni (þema) hefur verið tekið fyrir hverju sinni, stundum með tónlistarívafi, en tónlist og fjöldasöngur hafa verið fastir dagskrárliðir. Af efni sem fjallað hefur verið um má nefna innlegg um menningarsöguleg efni (þ.á m. um þjóðkunna, gengna einstaklinga), umhverfismál, þjóðfrelismál, jafnréttismál, menningarmál og bókmenntir, efnahagsmál í víðu samhengi og fróðleik um tiltekin landssvæði. Fólki í trúnaðarstörfum fyrir VG hefur iðulega verið boðið að ávarpa hópinn í upphafi funda. Frá upphafi starfsins til vors 2011 hafa verið haldnir 35 fundir og hafa oft liðlega 100 manns sótt þá.

Sjö fundir voru haldnir á árinu 2009 og sex á árinu 2010. Meðal dagskárefna á þessum fundum má nefna:

- Upprifjun um Heimsmót æskunnar á 5. og 6. áratug síðustu aldar;
- Annes og eyjar fyrir Austfjörðum;
- Vinnustaðurinn Alþingi;
- Gömul mannréttindabrot í nýju ljósi;
- Skapadægur Ólafs Haraldssonar og Þormóðar Kolbrúnarskálds;
- Þjóðargersemar á Árnastofnun;
- Sagnamiðstöð Íslands í Grundarfirði;
- Uppruni skammdegishátíða;
- Múlabræður, Jón Múli og Jónas Árnason;
- Aukin valddreifing í borgarsamfélagi;
- Ríkarður Jónsson, myndhöggvari;
- Ljóðabýðandinn og ljóðskáldið Magnús Ásgeirsson;
- Baráttukonan, rithöfundurinn og alþingismaðurinn Svava Jakobsdóttir.

Í undirbúningshópi fundanna hafa starfað: Jónsteinn Haraldsson, Guðrún Hallgríms-dóttir, Gunnar Guttormsson, Lena M. Rist, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Sigurður Ragnarsson og Sveinn Jóhannsson.

Af þeim fjölmörgu tónlistarmönnum sem komið hafa fram og aðstoðað á fundunum skulu sérstaklega nefnd þau Björgvin Gíslason, Reynir Jónasson, Sigurður Alfonsson, Páll Einarsson, Lena M. Rist og Njáll Sigurðsson.

Nánari upplýsingar um dagskrár allra funda EVG frá 2005 má finna á heimasíðu flokksins: <http://www.vg.is/frettir/EVG-fundir/>

Alþingiskosningar 2009

Þegar ríkisstjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingar með stuðningi Framsóknarflokksins tók við var boðað til alþingiskosningar sem fram fóru 25. apríl 2010. Markmiðið var að VG og Samfylking fengju meirihluta til að mynda ríkisstjórn eftir kosningarna og náðist það markmið. Blásið var til forvals í öllum kjördæmum og er það í fyrsta sinn að svo er gert en Reykjavíkurborg kjördæmin tvö sameinuðust um eitt forval. Fjöldi fólks kom til starfa með Vinstri grænum í aðdraganda kosninga og fjölgaði í flokknum um þriðjung. Í forvölunum fimm buðu 102 einstaklingar sig fram, fleiri en í nokkrum öðrum stjórnsmálaflokkum og Vinstri græn voru sigurvegarar kosninganna.

Árangurinn varð svo:

- NV kjördæmi 22,8%
- NA kjördæmi 29,7%
- SU kjördæmi 17,1%
- SV kjördæmi 17,4%
- RVKS kjördæmi 22,9%
- RVKN kjördæmi 24%

Ef landið allt er talið þá féllu 21,7% atkvæða í hlut Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.

Eftir kosningarnar átti flokkurinn 14 fulltrúa á Alþingi:

Atli Gíslason, 4. þingmaður Suðurlandshéraðs
Álfheiður Ingadóttir, 10. þingmaður Reykjavíkshéraðs Norður
Árni Þór Sigurðsson, 5. þingmaður Reykjavíkshéraðs Norður
Ásmundur Einar Daðason, 9. þingmaður Norðvesturlandshéraðs
Björn Valur Gíslason, 8. þingmaður Norðausturlandshéraðs
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þingmaður Suðvesturlandshéraðs
Jón Bjarnason, 2. þingmaður Norðvesturlandshéraðs
Katrín Jakobsdóttir, 2. þingmaður Reykjavíkshéraðs Norður
Lilja Rafney Magnúsdóttir, 6. þingmaður Norðvesturlandshéraðs
Lilja Mósesdóttir, 6. þingmaður Reykjavíkshéraðs Suður
Steingrímur J. Sigfússon, 1. þingmaður Norðausturlandshéraðs
Svandís Svavarsdóttir, 3. þingmaður Reykjavíkshéraðs Suður
Þuríður Backman, 5. þingmaður Norðausturlandshéraðs
Ögmundur Jónasson, 10. þingmaður Suðvesturlandshéraðs

Kosningabaráttan var skipulögð miðlægt eins og gert hefur verið frá sveitarstjórnarkosningum 2010 enda hefur það gefist vel. Auglýsingar voru hannaðar til að nýtast öllu landinu og sömuleiðis annað kynningarefni.

Þær breytingar urðu á þingflokki VG að í september 2010 gekk Þráinn Bertelsson, áður þingmaður utan flokka, til liðs við þingflokki Vinstri grænna. Í mars 2011 sögðu Atli Gíslason og Lilja Mósesdóttir úr þingflokki. Í maí sama ár gekk Ásmundur Einar Daðason úr þingflokki.

Sveitastjórnarkosningar 2010

Gengið var til sveitastjórnarkosninga 29. maí 2010 og bauð Vinstrihreyfingin – grænt framboð fram á fleiri stöðum en nokkur tíman áður. Nýir listar litu dagsins ljós á Seyðisfirði, í Grindavík, í Rangárbænum Eystra, í Strandabyggð og á Höfn. Alls stækkaði sveitastjórnarhópurinn svo um munaði þó að V-listar líkt og fleiri töpuðu miklu fylgi í Reykjavík og á Akureyri. Úrslit kosninganna eru sem hér segir:

Vinstrihreyfingin – grænt framboð

Akranes	16,3%	Þröstur Þór Ólafsson
Akureyri	10,4%	Andrea Hjalmsdóttir
Árborg	10,5%	Þórdís Eygló Sigurðardóttir
Borgarbyggð	19,6	Ragnar Frank Kristjánsson og Ingibjörg Daníelsdóttir
Hafnarfjörður	14,6%	Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Kópavogur	9,8%	Ólafur Þór Gunnarsson
Mosfellsbær	11,7%	Karl Tómasson
Norðurþing	16%	Trausti Aðalsteinsson
Reykjanesbær	5,31%	
Reykjavík	7,2%	Sóley Tómasdóttir
Seyðisfjörður	18,3%	Cecil Haraldsson
Strandabyggð	49,2%	Jón Jónsson og Katla Kjartansdóttir
Höfn	5,6%	

Skagafjörður 16,2% Bjarni Jónsson

Vinstri græn og óháð

Grindavík 5,3%

Rangárþing Eystra 12,5% Guðmundur Ólafsson

Þátttaka í blönduðum framboðum

Álftanes (Á-listinn)	11,4%	Sigurður Magnússon
Dalvík (A-listi)	14%	Kristján Eldjárn Hjartarson
Djúpavogshreppur (N-listi)		Andrés Skúlason
Fjallabyggð (T-listi)	14,9%	Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir
Fljótsdalshérað (L-listi)	27%	Árni Kristinsson
Grundarfjörður (L-listi)	53%	
Hveragerði (A-listi)	35,6%	
Ísafjörður (Í-listi)	39,8%	Jóna Benediksdóttir
Seltjarnarnes (N-listi)	15,7%	
Stykkishólmur (L-listi)	50,4%	Lárus Ástmar Hannesson
Vestmannaeyjar (V-listi)	36%	Jórunn Einarsdóttir
Vopnafjörður (N-listi)	13,2%	
Ölfus (Ö-listi)	12%	

Fólk kosið óhlutbundið – ófullkominn listi

Halla Sigríður Steinólfsdóttir – Dalabyggð
Eva Sigurbjörnsdóttir – Árneshreppur
Steinþór Heiðarsson – Tjörneshreppur
Ásta Laufey Þórarinsdóttir – Svalbarðshreppur

Eftir kosningarnar tóku Vinstri græn þátt í nokkrum meirihlutum:

Akranes, ásamt Samfylkingunni og Framsóknarflokki
Hafnarfjörður, ásamt Samfylkingunni
Kópavogur, ásamt Samfylkingu, Næst besta flokknum og Lista Kópavogsbúa
Mosfellsbær, ásamt Sjálfstæðisflokki
Borgarbyggð, ásamt Sjálfstæðisflokki
Skagafjörður, ásamt Framsóknarflokki
Dalvík, A-listinn ásamt J-listanum
Stykkishólmur, L-listinn hlaut hreinan meirihluta
Dalabyggð
Árneshreppur
Tjörneshreppur
Og nú nýverið í Fjallabyggð, T-listi ásamt Sjálfstæðisflokknum, Framsóknarflokknum og Samfylkingarfélagi Ólafsfjarðar.

Samræmdar forvalsreglur

Farið var í þá vinnu eftir kosningarnar 2009 að semja samræmdar forvalsreglur innan flokksins og var það af gefnu tilefni þar sem það olli töluverðum ruglingi að reglur væru misjafnar eftir kjördæmum. Sumarið 2009 var því skipuð nefnd fulltrúa allra kjördæma auk ungliða til að semja reglur sem gætu nýst öllum kjördæmaráðum og svæðisfélögum. Drífa Snædal stýrði þeirri vinnu og voru tillögur að reglum sendar til umsagnar allra félaga í flokksráðinu og afgreiddar að því loknu úr stjórn flokksins í september 2009.

Þar sem kjördæmisráð og svæðisfélög eru sjálfráð um hvernig haga skuli forvali voru einhverjar útfærslur af reglunum notaðar en grunnurinn nýttist vel í kosningunum 2010.

Félagatalið

Í september árið 2006 gekk félagi nr. 2000 til liðs við Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. Frá þeim tíma hefur flokkurinn vaxið og dafnað, gengið í gegnum tvennar alþingiskosningar auk sveitastjórnarkosninga, setið í ríkisstjórn og verið vettvangur fjörugra skoðanaskipta. Þetta hefur skilað því að félagar í flokknum í september árið 2011 eru 5.182 talsins. Ávallt hefur verið lagður í það metnaður að fólk eigi greiða inngöngu í flokkinn og geti skráð sig úr honum fljótt og örugglega líka. Þetta gerir það að verkum að félagatalið er nokkuð sannfærandi.

Kosningahandbók

Í stað þess að skrifa skýrslur eftir kosningarnar 2009 var ákveðið að útbúa kosningahandbók sem nýst gæti í aðdraganda kosninga hvort sem um ræðir sveitastjórnarkosningar eða alþingiskosningar. Handbókin var kynnt til sögunnar fyrir kosningar 2010 og hefur að geyma gagnlegar upplýsingar, reglur um forval, lög um kosningar, þjónustu sem vænta má frá flokksskrifstofu, skiptingu kostnaðar og svo framvegis. Hugmyndin er að handbókin verði endurskoðuð fyrir og eftir hverjar kosningar til að hún megi nýtast sem best. Góður rómur var gerður að handbókinni og nýttist hún ekki síst þar sem óvant fólk var á ferð að skipuleggja kosningabaráttu.